

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

405. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs. (kt. 510588-1189) á skrifstofu byggðasamlagsins föstudaginn 1.03.2019, kl.07:30.

Fundarstjóri: Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður

Mættir:

Birkir Jón Jónsson, Líf Magneudóttir, Ágúst Bjarni Garðarsson, Bjarki Bjarnason og Jóna Sæmundsdóttir. Kolbrún Þorsteinsdóttir boðaði forföll. Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri, Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur og Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri. Gestir fundarins undir lið 1 og 2 voru Lárus Finnbogason frá endurskoðunarnefnd SORPU bs. og Theodór S. Sigurbergsson frá ytri endurskoðanda SORPU Grant Thornton.

Tekið fyrir:

1. Ársreikningur SORPU bs. fyrir árið 2018 og endurskoðunarskýrsla Grant Thornton

Framkvæmdastjóri fer yfir og kynnir ársreikning SORPU bs. fyrir árið 2018 og kynnir jafnframt samanburð rekstrar og áætlunar. Endurskoðendur kynna skýrslu endurskoðanda um endurskoðunina og áritun endurskoðanda. Formaður endurskoðunarnefndar SORPU kynnir bréf nefndarinnar um endurskoðunina. Málið rætt.

Málið rætt. Stjórn samþykkir reikninginn samhljóða og undirritar.

2. Staðsetning endurvinnslustöðva

Framkvæmdastjóri kynnir hugmyndir starfsmanna SORPU um framtíðar staðsetningu endurvinnslustöðva á höfuðborgarsvæðinu. Unnið er að skoðun á heppilegum staðsetningum út frá spám um íbúáþróun og búsetu á höfuðborgarsvæðinu. Málið rætt.

3. Efnismiðlun Góða hirðisins

Framkvæmdastjóri kynnir minnisblað rekstrarstjóra endurvinnslustöðvanna um reynslu af verkefninu frá því það byrjaði á síðasta ári. Málið rætt.

4. Ráðning stöðvarstjóra móttöku- og flokkunarstöðvar

Framkvæmdastjóri kynnir vinnu við ráðningu nýs stöðvarstjóra en Jón Ólafur Vilhjálmsson hefur óskað eftir að láta af störfum vegna aldurs. Alls sóttu 30 manns um stöðuna.

5. Rannsókn á innihaldi bagga sem berast í Álfsnes

Yfirverkfræðingur kynnir niðurstöður Recource International á innihaldi baggaðs úrgangs sem berst í Álfsnes. Málið rætt.

6. Stefnumótunarvinna stjórnar

Sævar Kristinsson frá KPMG mun halda utan um vinnu stjórnar. Gert er ráð fyrir undirbúningi og sviðsmyndavinnu dagana 11 – 12 apríl.

Næsti fundur

Næsti fundur ákveðinn 12. apríl 2019 kl. 08:30.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan: 09:15.

Fundarritari: Guðrún Eva Jóhannesdóttir